



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

### 25. október 2017 – Pistill nr. 21

Kæru Mývetningar nær og fjær. Nú styttest í Alþingiskosningar og flokkarnir hafa verið nokkuð duglegir að heimsækja Mývatnssveit. Ég hvet Mývetninga til þess að nýta sér kosningaréttinn sinn. Lýðræðið er alltaf í hættu, það þarf á öflugum almenningi að halda. Okkur má ekki standa á sama. Eitt mikilvægasta verkefni samtímans er borgaravitund og að rækta gagnrýna hugsun og hugrekki í síðuðu samfélagi.



**Auður og Gylfi hlutu Umhverfisverðlaunin**  
Umhverfisverðlaun Skútustaðahrepps voru afhent í annað sinn, við hátíðlega athöfn, á Slægjufundi um síðustu helgi. Talsvert af tilnefningum bærust til umhverfisnefndar að þessu sinni. Umhverfisverðlaunin í ár hlutu Auður Jónsdóttir (sjá mynd) og Gylfi Yngvason

fyrir glæsilega umhirðu á lóð sinni að Skútustöðum 2.



### Vel sóttur Slægjufundur

Slægjufundur var haldinn síðasta laugardag í Skjólbrekku venju samkvæmt á fyrsta vetrardegi. Þetta er aldagömul hefð og mætingin var að vanda mjög góð. Dagskráin var hátíðleg og skemmtileg þar sem leikskólabörn sengu, ungt listafólk steig á stökk, veitt voru Umhverfisverðlaun og veisluborðið svignaði undan kræsingum. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að halda slægjuræðuna í ár. Auðvitað var líka fjöldasöngur að hætti Mývetninga og séra

Örnólfur flutti hugvekjju. Að lokum var spurningakeppni. Um kvöldið var svo slægjuball og var það einnig mjög vel sótt og mikið dansað að hætti Mývetninga.

### **Kjörfundur næsta laugardag**

Kosið verður til Alþingis laugardaginn 28. október næstkomandi. Kjörfundur er í Skjólbrekku frá kl. 10:00 til 18:00. Munið að taka skilríkin með á kjörstað. Kjörskrá liggur frammi fyrir þá sem vilja á opnunartíma hreppsskrifstofu.



### **Skemmtileg heimsókn úr Reykjahlíðarskóla**

Við fengum heldur betur skemmtilega heimsókn á dögnum þegar nemendur á yngsta stigi Reykjahlíðarskóla kíktu við. Þau hafa verið að læra um fjöllin í Mývatnssveit hjá kennurum sínum og komu til að skoða ljósmyndir og málverk á hreppsskrifstofunni. Nemendurnir

höfðu svo sannarlega tekið vel eftir í tímunum því þau þekktu öll fjöllin og sum þeirra höfðu meira að segja klifið einhver þeirra. Þau fengu svo smá hressingu í lokin enda voru þau til mikillar fyrirmyndar og Reykjahlíðarskóla og foreldrum sínum til sóma.

### **Gámasvæðið opnar að nýju í landi Grímsstaða 1. nóvember**

Framkvæmdum við gámasvæðið á Grímsstöðum er að ljúka. Nýja gámasvæðið verður opnað formlega miðvikudaginn 1. nóvember n.k.

Opið verður á bráðabirgðasvæðinu, við Kísilskemmuna, í dag miðvikudaginn 25. október og einnig næsta laugardag, 28. október, en síðan verður því lokað.

Opnunartími gámasvæðisins í landi Grímsstaða (starfsmaður sér um móttöku):

Miðvikudagar kl. 15-16.

Laugardagar kl. 10-12.

### **Ný námskrá, Heilsueflandi leikskóli og Jákvæður agi**

Á foreldrafundi á leikskólanum YI var kynnt ný námskrá sem starfsfólk leikskólans hefur undir handleiðslu leikskólastjóra með sérfræðiráðgjöf Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri unnið hörðum höndum að mótun skólanámskrár. Hornsteinar námskrárinnar eru lífsleikni, málrækt, stærðfræði og heilsa. Inn í þessa fjóra þætti fléttast námssvið Aðalnámskrár leikskóla; læsi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun. Skólanefnd þakkar leikskólastjóra og starfsfólki ötula vinnu og óskar umsagnar foreldrafélags um námskrána. Skútustaðahreppur gerði samning í sumar um að gerast Heilsueflandi samfélag en í því felst að heilsa og líðan allra íbúa sé í fyrirrúmi í allri

stefnumótun. Reykjahlíðarskóli hefur verið heilsueflandi grunnskóli síðan 2013 og hefur verkefnið tekist mjög vel. Í leikskólanum YI er vilji til að verða Heilsueflandi leikskóli og innleiðing á því hefjist í janúar. Skólanefnd samþykkti tillöguna og fagnar þessari þróun. Síðan 2014 hefur í Reykjahlíðarskóla verið unnið eftir uppeldisstefnunni Jákvæðum aga. Í haust fóru kennarar skólans á námskeið í jákvæðum aga. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu.

Í drögum að nýrri skólastefnu er lagt til að Jákvæður agi verði jafnframt innleiddur í starfsemi leikskólans YIs til þess að auka samfellu skólastiganna. Í bígerð er námskeið fyrir foreldra í uppeldisstefnu Jákvæðs aga, ætlað foreldrum leik- og grunnskólabarna. Skólanefnd samþykkti að Jákvæður agi verði innleiddur í innra starf leikskólans og leikskólastjóra falin innleiðingin,



### **Góðar gjafir frá velunnurum**

Reykjahlíðarskóla og leikskólanum YI hafa borist góðar gjafir í tengslum við endurnýjun á leiksvæðum.

Þrjú fyrirtæki í Skútustaðahreppi lögðu fram myndarlega styrki í kaup á nýrri hjólabraut við Reykjahlíðarskóla en það eru Jarðböðin, Hótel Reynihlíð og Samkaup. Fyrirtækin lögðu

samanlagt til þriðjungshlut á móti sveitarfélaginu.

Þá hefur ungmenna- og íþróttafélagið Mývetningur færð Reykjahlíðarskóla 10 hlaupahjól sem nemendur skólans geta nýtt í hjólabrautinni í frímínútum. Jafnframt hefur Mývetningur gefið leikskólanum YI tvö jafnvægishjól til notkunar á nýja hjólastígnum á leikskólalóðinni.

Í tengslum við framkvæmdir á skólalóð lögðu bændur á Hellu til túnþökur, sem foreldrafélagið stóð að því að leggja.

Fyrir hönd Skútustaðahrepps færir skólanefnd þessum aðilum bestu þakkir fyrir höfðingleg framlög sem eiga eftir að nýtast börnunum okkar vel.

### **Sótt um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða**

Í dag rennur út frestur til þess að sækja um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Skútustaðahreppur lagði inn tvær umsóknir að þessu sinni. Annars vegar til að fá fjármagn til að bæta stígagerð og lagfæra og vernda álagssvæði í Höfða ásamt upplýsingaskiltum (fyrsti áfangi). Hins vegar til að fjá fjármagn í fyrsta áfanga á göngu- og hjólreiðastíg í kringum Mývatn til þess að bæta umferðaröryggi. Til stóð að fyrsti áfanginn yrði frá Reykjahlíð og í Voga en þar sem hluti landeigenda í Reykjahlíð lögðust gegn því að veita leyfi í landi þeirra var ákveðið að sækja um stíg frá Vogum (við ristarlið) að afleggjaranum í Dimmuborgir. Vonandi hefur tekist vel til með þessar umsóknir og þær skili árangri.

### **Fjármálaráðherra og umhverfisráðherra segja engan bráðavanda á ferð**

Á sveitarstjórnarfundi í morgun var lagt fram bréf dags. 19. október 2019 frá fjármála- og



efnahagsráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra til veitarstjórn Skútustaðahrepps um umbætur í fráveitumálum sveitarfélagsins. Í bréfinu kemur fram að málið hafi verið rætt í ríkisstjórn 28. apríl en þá var lagt fram minnisblað fjármála- og efnahagsráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra um það. Þá hafi ráðherrarnir tveir fundað með forráðamönnum sveitarfélagsins 24. maí sl. þar sem þeir lýstu yfir vilja sínum til þess að ríkið kæmi fjárhagslega og faglega að málinu. Umræður um málið hafi leitt í ljós ríkan velvilja af hálfu ríkisstjórnar og ráðuneyta vegna umbótanna. Verkefnið sé þó nokkuð flókið, bæði verkfræði- og lagalega, og ýmis álitamál uppi sem þurfi að ræða og greiða úr. Í bréfinu segir jafnframt að þar sem kosningar til Alþingis verði 28. október næstkomandi þyki starfsstjórn ekki rétt að ríkisvaldið fari í viðræður við Skútustaðahrepp fyrir en eftir kosningar og myndun nýrrar ríkisstjórnar, sem mun þá eiga auðveldara um vik að ná niðurstöðu og fylgja eftir ákvörðunum sínum.

„Ráðuneytunum er kunnugt um að sveitarstjórn og aðrir aðilar í Skútustaðahreppi eru undir nokkrum þrýstingi að gefa upplýsingar um fjármögnun fráveitumála, þar á meðal um hugsanlegan hlut ríkisvaldsins. Vonandi verður hægt að fá frest vegna þess í ljósi aðstæðna. Ekki er um bráðavanda að ræða í Mývatni, heldur er unnið að langtímalausn til að tryggja að álag á lífríki vatnsins vegna fráveitna verði sem minnst til frambúðar.“ segir í bréfinu. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með erindi ráðherranna sem teljast verður ákveðin viðurkenning á aðkomu ríkisvaldsins á fráveitumálum í Skútustaðahreppi og mun að vonum vonandi auðvelda viðræður um málið í framhaldinu.

## **Matráður óskast við Reykjahlíðarskóla og leikskólann YI**

Matráður óskast við Reykjahlíðarskóla og Leikskólann YI sem allra fyrst. Sjá nánar á heimasíðu Skútustaðahrepps.

## **Heiða nýr formaður Mývatnsstofu**

Á hluthafafundi Mývatnsstofu á síðustu viku var kjörin ný stjórn. Heiða Halldórsdóttir er nýr formaður en með henni í stjórn eru Friðrik Jakobsson og Hallgrímur Páll Leifsson. Þau taka við af starfsstjórn sem fékk það verkefni fyrir á árinu að endurskipuleggja rekstur Mývatnsstofu.

## **HRÓS DAGSINS...**

fær Soffía Kristín Jónsdóttir framkvæmdastjóri hinnar endurreistu Mývatnsstofu en hún hefur unnið framúrskarandi starf við að markaðssetja Mývatnssveit undanfarna mánuði. Um helgina er svo Uppskeruhátíð Markaðsstofu Norðurlands sem Soffía skipuleggur og er met skráning. Uppskeruhátíðin fer fram í Skjólbrekku.

## **Ýmislegt**

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu og má þar nefna hjá skólanefnd, Sjálfbærni- og umhverfisnefndinni á Norðausturlandi, framkvæmdastjórnarfund hjá Héraðsnefndinni, hluthafafund í Mývatnsstofu, með landeigendum, vegna húsnæðisstefnu og margt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjörapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**